

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera skil á innheimtu kjarnfóðursgjalds samkvæmt reglugerð þessari, eftir fyrirætlum þeim, sem fjármálaráðuneytið hefur sett um skil innflutningsgjalda sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975.

Þeir, sem framleiða fóðurmjöl innanlands, skulu senda framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal þar tilgreint hverjir hafa keypt vöruna, heildarsólumagn til hvers kaupanda og einingarverð.

Fulltrúafundur Stéttarsambands bænda skal árlega taka ákvörðun um gjald á innflutt kjarnfóður.

Framleiðsluráð skal leita staðfestingar landbúnaðarráðherra á ákvörðunum þessum.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sker úr, verði ágreiningur um gjaldskyldu og framkvæmd reglugerðarinnar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 15 18. apríl 1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sbr. lög nr. 63 23. júní 1980 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 311, 24. júní 1980.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1980.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 8.57% frá 1. september 1980 frá því sem þær voru 1. ágúst 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 29. ágúst 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.